

Samþykkt Geðhjálp frá 2. apríl 1998

Geðhjálp varar við því að heilsufarsupplýsingum um landsmenn verði safnað saman á einn stað án leyfis þeirra sem upplýsingarnar eiga, það er sjúklinganna.

Geðhjálp hefur unnið að því að auka umræðu um geðsjúkdóma og auðvelda þannig fyrir einstaklingum sem eiga við geðsjúkdóm að stríða að leita sér aðstoðar og ræða opinskátt um sinn vanda. Hins vegar skýtur það skökku við þegar ríkisvaldið tekur ákvörðun um að flytja þessar upplýsingar frá þeim stað þar sem þær urðu til yfir til annars aðila.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þegar sjúklingur gefur upplýsingar um sitt heilsufar, til dæmis þegar hann sækir um örorkulífeyri til Tryggingastofnunar ríkisins, gerir hann ekki ráð fyrir að þær upplýsingar verði notaðar seinna í allt öðrum tilgangi af öðrum starfsmönnum annarra stofnana. Það væri einnig skerðing á réttindum sjúklinga og vanvirðing við sjálfsákvörðunarrétt þeirra og mannréttindi.

Trúnaður er sérstaklega mikilvægur þegar um er að ræða geðræna kvilla og mótmælir Geðhjálp því framkomnu lagafrumvarpi um söfnun allra heilsufarsupplýsinga í einn stóran gagnagrunn án samþykkis þeirra sem hlut eiga að máli.